

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/23/33

frá 21. mars 2001

um grunnfæribreytur fyrir stjórn- og merkjakerfi samevrópska háhraðajárnbrautarkerfisins sem kallast „ERTMS-eiginleikar“ í 3. lið II. viðauka við tilskipun 96/48/EB(*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 746)

(2001/260/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/48/EB frá 23. júlí 1996 um rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautarkerfisins ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fyrsti áfanginn í þróun tækniforskrifta fyrir rekstrarsamhæfi er að ákveða grunnfæribreyturnar sem um getur í b-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 96/48/EB.
- 2) Nefndin, sem komið var á fót með tilskipun 96/48/EB, hefur skipað Evrópusamtök um rekstrarsamhæfi járnbrauta (AEIF) sem sameiginlegt fulltrúaráð í samræmi við h-lið 2. gr. tilskipunarinnar.
- 3) Evrópusamtökin um rekstrarsamhæfi járnbrauta hafa sent frá sér skjal með skilgreiningum á og tillögum að grunnfæribreytum fyrir stjórn- og merkjakerfið sem vísað er til sem „ERTMS-eiginleikar“ ⁽²⁾ í 3. lið II. viðauka við tilskipun 96/48/EB.
- 4) Markmiðið með þessari tilskipun er fyrst og fremst að setja fram tæknilegar viðmiðanir fyrir yfirvöld sem bera ábyrgð á skipulagningu, smíði, endurbótum og rekstri grunnvirkja og járnbrautarvagna sem taka á í notkun eftir að ákvörðun þessi öðlast gildi og eru liður í rekstri járnbrautarkerfisins sem um getur í tilskipun 96/48/EB.

- 5) Annað markmið með þessari ákvörðun er að ákveða sameiginlegan grundvöll fyrir samningu tæknilegra forskrifta um rekstrarsamhæfi (TSI). Það kemur þó ekki í veg fyrir að nauðsynlegt kann að verða að ákveða þessar færibreytur í tilheyrandi tæknilegum forskriftum sem verða samþykktar í samræmi við 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 96/48/EB. Þessar færibreytur er einnig unnt að uppfæra við endurskoðun tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar.

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 96/48/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við þessa ákvörðun eru birtar skilgreiningar og tilskildir eiginleikar, að því er varðar grunnfæribreytur fyrir stjórn- og merkjakerfi samevrópska háhraðajárnbrautarkerfisins, sem kallast „ERTMS-eiginleikar“ í 3. lið II. viðauka við tilskipun 96/48/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. mars 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaframkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 93, 3.4.2001, bls. 53, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2001 frá 28. september 2001 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 32.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 6.

⁽²⁾ ERTMS: European Rail Traffic Management System: evrópska stjórnunarkerfið fyrir járnbrautarumferð.

VIÐAUKI

ERTMS-EIGINLEIKAR

1. LÝSING Á FÆRIBREYTNUNNI

Sameinaða stjórn- og merkjakerfið, ERTMS (ERMTS: European Rail Traffic Management System: evrópska stjórnunarkerfið fyrir járnbrautarumferð), er í tveimur hlutum:

- stjórn- og merkjahluta sem nefnist ERTMS/ETCS (ETCS: European Train Control System: evrópska lestastjórnkerfið) og nær bæði yfir búnað um borð í lestunum og staðbundinn búnað,
- fjarskiptahluta sem nefnist ERTMS/GSM-R (GSM-R: GSM for Railways: GSM-farsímakerfi fyrir járnbrautir) og byggist á stöðlum fyrir almenna GSM-farsímakerfið og tekur bæði til staðbundins búnaðar og búnaðar um borð. GSM-farsímakerfið fyrir járnbrautir byggist á ETSI-staðlinum fyrir GSM-farsíma, útgáfu 2+, þar með talið GPRS (GPRS: Global Packet Radio Services: almenn pakkaskipt þráðlaus þjónusta) með viðbættum sérþúnaði fyrir járnbrautir.

2. TILSKILDIR EIGINLEIKAR

2.1. ERTMS/ETCS:

Stjórn- og merkjakerfið byggist á forskriftunum hér fyrir aftan ⁽¹⁾. Ef nauðsyn krefur verða þessar forskriftir endurskoðaðar að lokinni forkönnun samkvæmt ERTMS-áætluninni og munu Evrópusamtök um rekstrarsamhæfi járnbrauta undirbúa endurskoðunina samkvæmt málsmeðferð við breytingastjórnun og leggja þær síðan fyrir nefndina eins og kveðið er á um í 6. gr. tilskipunar 96/48/EB.

Heiti skjals	Tilvísun nr.	Útgáfa nr.	Skyldubundið/ Til upplýsingar
ERTMS/ETCS Functional Requirements Specification	—	4.29	Skyldubundið
ERTMS/ETCS Functional Statements	99E5362	2.00	Skyldubundið
ERTMS/ETCS System Requirements Specification	SUBSET-026	2.0.0	Skyldubundið
Clarification and amendment specification (*)	SUBSET-055	2.0.0	Skyldubundið
ERTMS/ETCS SSRS Part 1: System macro functions overview	SUBSET-030	2.0.0	Til upplýsingar
ERTMS/ETCS SSRS Part 2: On-board Sub-System Requirements Specification	SUBSET-031	2.0.0	Til upplýsingar
ERTMS/ETCS SSRS Part 3: Trackside Sub-System Requirements Specification	SUBSET-032	2.0.0	Til upplýsingar
FFFIS for Eurobalise	SUBSET-036	2.0.0	Skyldubundið
Description for the Euroloop sub-system	SUBSET-050	2.0.0	Til upplýsingar
FFFS for Euroloop sub-system	SUBSET-043	2.0.0	Skyldubundið
FFFIS 'A _L ' Euroloop sub-system	SUBSET-044	2.0.0	Skyldubundið
FFFIS 'C _L ' Euroloop sub-system	SUBSET-045	2.0.0	Skyldubundið
Euroradio FIS	SUBSET-037	2.0.0	Skyldubundið
Transmission of the MSISDN number to the application	037_0022a	29.3.2000	Til upplýsingar
Version Upgrade	037_0023a	29.3.2000	Til upplýsingar
Euroradio FFFIS Class 1 requirements	SUBSET-052	2.0.0	Skyldubundið

⁽¹⁾ Forskriftir má fá á vefsetrinu <http://forum.europa.eu.int> eða hjá þjónustudeildum EB.

Heiti skjals	Tilvísun nr.	Útgáfa nr.	Skylðubundið/ Til upplýsingar
Radio In-Fill FFFS	SUBSET-046	2.0.0	Skylðubundið
FIS for the Man-Machine Interface	SUBSET-033	2.0.0	Skylðubundið
FIS for the Train Interface	SUBSET-034	2.0.0	Skylðubundið
Trackside-Trainborne FIS for Radio In-Fill	SUBSET-047	2.0.0	Skylðubundið
Trainborne FFFIS for Radio In-Fill	SUBSET-048	2.0.0	Skylðubundið
Radio In-Fill FIS with LEU/interlocking	SUBSET-049	2.0.0	Skylðubundið
Specific Transmission Module FFFIS	SUBSET-035	2.0.0	Skylðubundið
STM FFFIS Safe Time Layer	SUBSET-056	2.0.0	Skylðubundið
STM FFFIS Safe Link Layer	SUBSET-057	2.0.0	Skylðubundið
FFFIS STM Application layer Supervision connection	SUBSET-058	0.0.1	Til upplýsingar
Performance Requirements for STMs	SUBSET-059	0.0.6	Til upplýsingar
Key Management FIS	SUBSET-038	2.0.0	Skylðubundið
FIS Key Management Second Phase	SUBSET-051	2.0.0	Til upplýsingar
Key Management migration	SUBSET-060	1.1.1	Til upplýsingar
FIS for RBC/RBC Handover	SUBSET-039	2.0.0	Skylðubundið
Dimensioning and Engineering rules	SUBSET-040	2.0.0	Skylðubundið
Performance Requirements for Interoperability	SUBSET-041	2.0.0	Skylðubundið
FFFIS Juridical Recorder Downloading Tool	SUBSET-027	2.0.0	Skylðubundið
Assignment of values to ETCS variables	SUBSET-054	2.0.0	Skylðubundið
Glossary of Terms and Abbreviations	SUBSET-023	2.0.0	Skylðubundið
Radio Transmission FFFIS for Euroradio	A11 T6001 3	3	Skylðubundið
ERTMS Driver Machine Interface Part I: Ergonomic arrangement of ERTMS/ETCS Information	PrEN 50XX6-1	Mars 2000	Til upplýsingar
ERTMS Driver Machine Interface Part III: Data entry Procedures	PrEN 50XX6-3	Mars 2000	Til upplýsingar
ERTMS Driver Machine Interface Part IV: Symbols	PrEN 50XX6-4	Mars 2000	Til upplýsingar
ERTMS Driver Machine Interface Part V: Audible information	PrEN 50XX6-5	Mars 2000	Til upplýsingar
ERTMS Driver Machine Interface Part VI: Specific Transmission Modules	PrEN 50XX6-6	Mars 2000	Til upplýsingar
RAM requirements (einungis 2. kafli)	96S126	6	Til upplýsingar
Environmental conditions	97S066	5	Til upplýsingar

(*) Auk UNISIG-bréfs frá 21. apríl 2000.

2.2. ERTMS/GSM-R

Kerfið fyrir fjarskipti milli lestar og fastra stöðva skal uppfylla eftirfarandi forskriftir. Ef nauðsyn krefur verða þessar forskriftir endurskoðaðar að lokinni forkönnun samkvæmt ERTMS-áætluninni og munu Evrópusamtök um rekstrarsamhæfi járnbrauta undirbúa endurskoðunina samkvæmt málsmeðferð við breytingastjórnun og leggja þær síðan fyrir nefndina eins og kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 96/48/EB.

Skjal	Tilvísun	Útgáfa	Skylðubundið/ Til upplýsingar
UIC Project Eirene — Functional Requirements Specification	ITA078D017	4.00	Skylðubundið
UIC Project Eirene — System Requirements Specification	ITA078D018	12.00	Skylðubundið
Morane FFFIS Radio Transmission FFFIS for Euroradio	A11 T6001 3	3.00	Skylðubundið
ERTMS Driver Machine Interface Part II: EIRENE information shown on an integrated ERTMS/EIRENE DMI	PrEN 50XX6-2	Mars 2000	Til upplýsingar

3. SKRÁ YFIR SKAMMSTAFANIR

DMI	Driver Machine Interface: skilflötur milli ökumanns og vélar
ERTMS	European Rail Traffic Management System: evrópska stjórnunarkerfið fyrir járnbrautaumferð
FFFIS	Form Fit Function Interface Specification: forskrift fyrir skiptanlega skilfleti með tilliti til forms, máts og hlutverks
FIS	Functional Interface Specification: forskrift fyrir starfrænan skilflöt
LEU	Lineside Electronic Unit: rafeindaeining við teina
MSISDN	Mobile Subscriber ISDN (integrated services digital network: stafrænt samþætt þjónustunet) ISDN fyrir farsímanotendur
RAM	Reliability Availability Maintainability: áreiðanleiki, tiltækileiki, viðhaldsleiki
RBC	Radio Block Centre: fjarskiptamiðstöð
SSRS	Sub-System Requirements Specification: forskrift fyrir þarfir undirkerfis
STM	Specific Transmission Module: sérstök sendieining